

## Af Rásinni á Bylgjuna

Bubbi sem um langt árabíl var með þátt sinn Færibandið á Rás 2 á Mánudagskvöldum hefur nú fært sig yfir á Bylgjuna. Samkvæmt frásögn Fréttablaðsins er ástæðan sú að þegar Bubbi ætlaði að snúa aftur til starfa í Efstaleitinu í september s.l. vildu forráðamenn Rásarinnar setja þáttinn á ís um tíma. Bubbi var ekki sáttur við það enda segist hann hafa gaman af þessu. Hann brá því á það ráð að bjóða Bylgjunni krafta sína og er nú samningur um það í höfn.

Ljóst er að Rás 2 hefur þarna misst spón úr aski sínum því fátt var nú skemmtilegra á mánudagskvöldum en setjast niður og hlusta á Bubba taka viðtöl við hvern snillinginn eftir annan. Þarna hlóðust upp menningarverðmæti í einstökum viðtölum við þekkt minna þekkt einstaklinga. Svo er bara að vona að Bylgjan hafi þá forsjárhyggju að geyma þætti til framtíðar.

Þættir Bubba á Bylggunni hafa hlotið heitið Stál og hnífur, mena hvað.